



Fréttatilkynning:

2009-06-25

Borað niður í kviku í Kröflu.

Tilraun til djúpborunar í Kröflu hefur staðið síðan í mars. Í gærdag var borað niður í bráðið berg á 2104 m dýpi. Við það festist borinn en kælivatni er dælt í gegnum borstrenginn og náðust glerjuð bergsýni af kvikunni. Holan hefur verið í kælingu í alla nótt en í dag tókst að losa borinn. Engin hætta er á ferðum hvorki fyrir mannskap né bortæki. Á næstu dögum verður skoðað gaumgæfilega með hvaða hætti unnt verður að nýta holuna. Flest bendir til að gera verði aðra tilraunaholu ef ákveðið verður að halda djúpborunarverkefninu áfram.

Með íslenska djúpborunarverkefninu (IDDP) er ætlunin að bora niður í allt að 4-5 km dýpi til að komast í jarðhita í yfirmarksástandi, þ.e. meira en 375°C hita og meira en 220 bar þrýsting. Landsvirkjun og Alcoa hafa staðið straum af kostnaði við borun holunnar til þessa, og stóð til að bora niður í allt að 3,5 km dýpi áður en samstarfshópur um IDDP tæki við holunni. Ýmsir erfiðleikar hafa hins vegar komið upp að undanfögnu, eins og greint hefur verið frá, og verulegar tafir hlotist af þeim sökum. Borstengurinn festist í tvígang á um 2100 m dýpi, og tvisvar hefur verið steypt í holuna og borað framhjá festustað. Það kemur verulega á óvart að bora niður á bráðið berg svona grunnt, því nálægar borholur hafa ekki gefið slíkt til kynna. Nánari upplýsingar verða birtar á www.iddp.is og á www.icdp-online.org.

Fyrirtæki þau sem standa að djúpborunarverkefninu eru Landsvirkjun, HS Orka hf, Orkuveita Reykjavíkur, Orkustofnun, Alcoa Inc. og Statoil New Energy AS. Styrkir til vísindarannsókna hafa verið veittir frá International Continental Scientific Drilling Program (ICDP) og National Science Foundation. Jarðboranir hf hafa borað holuna og helstu ráðgjafar verkefnisins eru Íslenskar orkurannsóknir og Mannvit hf auk margra annarra.